

Starfsemi Leiknar 2006 – 2007

Skýrsla formanns.

Fyrsti aðalfundur Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, var haldinn fimmtudaginn 11. maí 2006.

Smári Haraldsson var endurkjörinn formaður. Í varastjórn var kjörin Jóhanna Arnórsdóttir, framkvæmdastjóri Framvegis, miðstöðvar um símenntun ehf. Var hún kjörin í stað Huldu Ólafsdóttur, Mími-símenntun, sem hafði tekið sæti sem aðalmaður í stjórn vorið 2005 þegar Þorbjörg Jónsdóttir, Námsflokkum Reykjavíkur lét af stjórnarsetu. Annað stjórnarkjör var ekki á þessum fundi þar sem stjórnin var kosin til tveggja ára á stofnfundi 25. apríl árið 2005, að undanskildum formanni sem kosin er árlega.

Stjórn Leiknar skipa því starfsárið 2006 – 2007:

Smári Haraldsson, formaður Guðjónína Sæmundsdóttir, gjaldkeri, Birnu Gunnlaugsdóttur, ritari, og meðstjórnendur þær Hulda Ólafsdóttir og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir. Varamaður var Emil Björnsson, sem reyndar tók sæti sem aðalfulltrúi í stað Birnu þegar hún lét af störfum innan fullorðinsfræðslugeirans. Birna varð þá varafulltrúi í stjórn. Allir stjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn voru boðaðir á alla stjórnarfundi.

Stofnendur Leiknar voru:

1. Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
2. Fjölmennt, fullorðinsfræðsla fatlaðra
3. Framvegis, miðstöð um símenntun
4. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðin Viska
5. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
6. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
7. Fræðslumiðstöð Þingeyinga
8. Fræðslunet Austurlands
9. Fræðslusetur iðnaðarins
10. Kvöldskóli Kópavogs
11. Menntasmiðjan á Akureyri
12. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
13. Mímir-símenntun
14. Námsflokkar Reykjavíkur
15. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
16. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi.

Fræðslusambandið Símennt einn stofnanda, en það var síðar lagt niður.

Stjórn Leiknar hefur haldið 6 bókaða fundi frá aðalfundi 2006.

Helstu mál sem stjórnin hefur unnið að eru:

1. Samningur við Mennt um að Mennt annaðist daglega starfsemi Leiknar.

Þar sem nú hefur verið ákveðið að gjörbreyta starfsemi Menntar og segja upp öllu starfsfólki, verður stjórn Leiknar þó að finna aðra lausn á þessum málum.

2. Heimasíða Leiknar.

Leikn fékk 500 þúsund króna styrk frá menntamálaráðuneytinu til að koma upp heimasíðu fyrir samtökin. Var það gert og er hún vistuð undir Mennt (mennt.is). Undir síðunni er lokuð gátt fyrir aðila að Leikn.

3. Erlent samstarf.

Heildarsamtök fullorðinsfræðsluaðila í hverju Norðurlandanna hafa með sér regnhlífarsamtök, er samsvara Leikn. Öll þessi samtök reka þó sjálfstæðar skrifstofur með föstu starfsfólki og eru á þann veg ólíkar Leikn. Þessi samtök hafa með sér mikið samstarf og funda reglulega tvisvar á ári. Kalla þau þetta samstarf sitt á Skandinavísku Folkbildning Norden. Annan fundinn sitja einungis norrænu aðilarnir, framkvæmdastjórar og annað starfsfólk eftir því sem við á, en hinn fundurinn er með systursamtökunum í Eystrasaltsíkunum. Leikn hefur tekið á öflugan hátt þátt í samstarfi þessara aðila.

Um mánaðamótin ágúst og september 2006 héldu norrænu regnhlífarsamtökin fund sinn á Íslandi og annan fund í Tallin í Eistlandi í janúar s.l.

Norrænu regnhlífarsamtökin starfa mikið með Norræna tengslanetinu um nám fullorðinna (NVL), sem starfar undir norrænu ráðherranefndinni.

Auk þessara tveggja árlegu funda standa norrænu regnhlífarsamtökin fyrir öðrum viðburðum, ein sér eða í samstarfi við aðra. Um mánaðamótin nóvember/desember 2006 stóðu þau ásamt fleirum fyrir ráðstefnu í Stokkhólmi um fullorðinsfræðslu og lýðræði og nú þann 23. maí n.k. munu þau standa fyrir ráðstefnu um fullorðinsfræðslu og hjálparstarf í Kaupmannahöfn. Þá sendi tilnefndi Leikn fulltrúa á ráðstefnu í Helsinki 22. - 23. febrúar s.l.

Norrænu samtökin eru virkir þátttakendur í Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og Alþjóðasamtökunum (ICAE). Taka þau öll þátt í samstarfi í þessum vegum í eigin nafni.

Leikn gekk í EAEA á árinu og voru norrænu félagarnir okkar fulltrúar þar. Leikn hefur ekki treyst sér til að ganga í ICEA.

4. Umsagnir og samstarf.

Með betri kynningu á Leikn hefur aukist að óskað sé umsagnar samtakanna um mál er varðar fullorðinsfræðsluna, auk þess leitað er til samtakanna um tilnefningar í starfshópa er fást við fullorðinsfræðslu, svo sem í ýmis tengslanet á vegum NVL.

Á fyrstu starfsárum Leiknar hafa samtökin verið að festa sig í sessi og byggt upp tengsl við fullorðinsfræðsluaðila á Norðurlöndunum.

Á næsta starfsári er mikilvægt að huga betur að því að byggja upp tengsl fullorðinsfræðsluaðila innan lands.